

# MARKARI

Markari er forrit sem markar texta en í því felst að greina orðflokk hvers orðs í textanum ásamt ýmsum öðrum eiginleikum orðsins, svo sem beygingarmynd. Niðurstaðan er kölluð mark orðsins eða mark textans. Í Tungutorgi er mörkun íslenska frumtextans sameiginlegt upphafsskref fyrir þýðingu úr íslensku á dönsku og þýðingu úr íslensku á ensku. Mark íslensks texta er því aukaafurð í þessum þýðingum og notendum Tungutorgs býðst að kalla markið fram sérstaklega án þess að þýðing fylgi með.

Mörkunin fylgir að mestu leyti sömu aðferð og beitt er í *Íslenskri orðtíðnibók* frá 1991, þannig að til dæmis eru raðtöluorð greind sem lýsingarorð, forsetningar eru greindar sem atviksorð er stjórna falli og upphrópanir eru greindar sem tilvik af atviksorði. Sá munur er á að hjá Tungutorgi er farið með sagnir í miðmynd sem sjálfstæðar sagnir þannig að nefnimynd þeirra, sögnin í nafnhætti, endar á *st*. Og enn fremur eru töluorð greind í nokkra flokka. Í Tungutorgi er þessi háttur hafður á mörkun íslenska textans til þess að hún gagnist sem best vélrænu þýðingunum.

Yfirlit yfir íslenska markamengið fylgir hér á eftir.

# Íslenskt markamengi

<b>n</b>	<b>NAFNORÐ</b>
<b>k</b>	karlkyn
<b>v</b>	kvenkyn
<b>h</b>	hvorugkyn
<b>e</b>	eintala
<b>f</b>	fleirtala
<b>n</b>	nefnifall
<b>o</b>	þolfall
<b>þ</b>	þágufall
<b>e</b>	eignarfall
<b>g</b>	með viðskeyttum greini
<b>m</b>	mannsnafn
<b>ö</b>	örnefni
<b>s</b>	annað sérnafn

<b>l</b>	<b>LÝSINGARORÐ</b>
<b>k</b>	karlkyn
<b>v</b>	kvenkyn
<b>h</b>	hvorugkyn
<b>e</b>	eintala
<b>f</b>	fleirtala
<b>n</b>	nefnifall
<b>o</b>	þolfall
<b>þ</b>	þágufall
<b>e</b>	eignarfall
<b>s</b>	sterk beyging
<b>v</b>	veik beyging
<b>o</b>	óbeygt
<b>f</b>	frumstig
<b>m</b>	miðstig
<b>e</b>	efsta stig

<b>f</b>	<b>FORNAFN</b>
<b>a</b>	ábendingarfornafn
<b>b</b>	óákveðið ábendingarfornafn
<b>e</b>	eignarfornafn
<b>o</b>	óákveðið fornafn
<b>þ</b>	persónufornafn
<b>s</b>	spurnarfornafn
<b>t</b>	tilvísunarforfnafn
<b>k</b>	karlkyn
<b>v</b>	kvenkyn
<b>h</b>	hvorugkyn
<b>1</b>	1. persóna
<b>2</b>	2. persóna
<b>e</b>	eintala
<b>f</b>	fleirtala
<b>n</b>	nefnifall
<b>o</b>	þolfall
<b>þ</b>	þágufall
<b>e</b>	eignarfall

<b>g</b>	<b>GREINIR</b>
<b>k</b>	karlkyn
<b>v</b>	kvenkyn
<b>h</b>	hvorugkyn
<b>e</b>	eintala
<b>f</b>	fleirtala
<b>n</b>	nefnifall
<b>o</b>	þolfall
<b>þ</b>	þágufall
<b>e</b>	eignarfall

<b>t</b>	<b>TÖLUORÐ</b>
<b>f</b>	frumtala
<b>a</b>	ártal
<b>p</b>	prósentutala
<b>o</b>	ótiltekið töluorð
<b>k</b>	karlkyn
<b>v</b>	kvenkyn
<b>h</b>	hvorugkyn
<b>e</b>	eintala
<b>f</b>	fleirtala
<b>n</b>	nefnifall
<b>o</b>	þolfall
<b>þ</b>	þágufall
<b>e</b>	eignarfall

<b>s</b>	<b>SÖGN</b> (ekki í lh. þátíðar)
<b>n</b>	nafnháttur
<b>b</b>	boðháttur
<b>f</b>	framsöguháttur
<b>v</b>	viðtengingarháttur
<b>s</b>	sagnbót
<b>l</b>	lýsingarháttur nútíðar
<b>g</b>	germynd
<b>m</b>	miðmynd
<b>1</b>	1. persóna
<b>2</b>	2. persóna
<b>3</b>	3. persóna
<b>e</b>	eintala
<b>f</b>	fleirtala
<b>n</b>	nútíð
<b>þ</b>	þátíð

<b>s</b>	<b>SÖGN</b> (í lh. þátíðar)
<b>þ</b>	lýsingarháttur þátíðar
<b>g</b>	germynd
<b>m</b>	miðmynd
<b>k</b>	karlkyn
<b>v</b>	kvenkyn
<b>h</b>	hvorugkyn
<b>e</b>	eintala
<b>f</b>	fleirtala
<b>n</b>	nefnifall
<b>o</b>	þolfall
<b>þ</b>	þágufall
<b>e</b>	eignarfall

<b>a</b>	<b>ATVIKSORÐ</b>
<b>a</b>	stýrir ekki falli
<b>o</b>	stýrir þolfalli
<b>þ</b>	stýrir þágufalli
<b>e</b>	stýrir eignarfalli
<b>u</b>	upphrópun
<b>m</b>	miðstig
<b>e</b>	efsta stig

<b>c</b>	<b>SAMTENGING</b>
<b>n</b>	nafnháttarmerki
<b>t</b>	tilvísunartenging